



## 8. forsetabréf starfsárið 2010 – 2011

Sauðárkróki 24. ágúst 2011

**Sælur allar, ágætu formenn ... og aðrar góðar systur!**

Sumri hallar, hausta fer ... segir réttilega í upphafi gamallar þjóðvísu. Á haustdögum fellur tilveran smátt og smátt aftur í fastari skorður en við höfum hana í yfir sumartímann. Þrátt fyrir „ójafna úthlutun“ sólarstunda og hlýinda milli landshluta, í sumar, tókum við árstíðaskiptunum með gleði því framundan eru kærkomnar samverustundir, og gefandi vetrarstarf.

Vonandi hafið þið notið hvíldar og ánægjulegra tíma undanfarið - og eruð nú tilbúnar til starfa að hugðar- og baráttumálum okkar, Soroptimista☺

### Gleðifréttir ☺

#### Stofnfundur Soroptimistaklúbbs Við Húnaflóa verður 5. nóvember 2011.

Nýi klúbburinn, Soroptimistaklúbbur Við Húnaflóa, verður formlega stofnaður hinn 5. nóvember næstkomandi!☺

Undirbúningsstjórn hans kaus að hafa stofnhátíðina að Reykjum í Hrótafirði og vinna verðandi systur nú hörðum höndum að skipulagningu dagskrár og öðrum undirbúningi þessa ánægjulega viðburðar. Er það von okkar og víska að stofnhátíðin verði vel sótt og eftirminnileg öllum sem þátt taka. Nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirkomuleg verða sendar út um leið og þær liggja fyrir.

Þessar ánægjulegu fréttir leiða hugann strax að Haustfundinum, tímasetningu hans og staðsetningu, eins og hún var kynnt á Landssambandsfundum:

#### **Haustfundur skyldi haldinn hinn 8. október – að Reykjum í Hrótafirði**

Þarna er um tvo mikilvæga atburði að ræða, á sama stað með u.þ.b. mánaðar millibili .

Sú hugmynd hefur vaknað hvort skynsamlegt sé að færa haustfundinn aftur um einn mánuð og hafa hann síðdegis á föstudeginum, 4. nóvember ... að Reykjum.

Rökin með því eru fyrst og fremst þau að halda útgjöldum systra niðri, með því að þessir viðburðir verði sömu helgi, á sama stað, og koma þannig í veg fyrir að systur þurfi e.t.v. að velja á milli þeirra. Þannig eru „slegnar tvær flugur í einu höggi“.

Gagnrök gætu verið að breytt tímasetning raski öðrum fyrirætlunum systra og skipulagi klúbbastarfs að einhverju leyti.

Staðarhaldari að Reykjum sér ekkert því til fyrirstöðu að Haustfundinum verði frestað og þessir tveir viðburðir sameinaðir. Sama á við um verðandi formann Við Húnaflóa, Sigríði Hjaltadóttur.

Fyrsta verkefni haustsins er að taka afstöðu til frestunar Haustfundarins.:

#### **Hvor kosturinn hugnast ykkur betur:**

- Að halda upphaflegri áætlun og hafa haustfund á Reykjum 8. október. Stofnhátíð 5. nóv. verður á sama stað?
- Að færa haustfundinn til föstudagssíðdegisins 4. nóvember, stytta og þappa dagskrá hans og hafa á Reykjum föstudagssíðdegis 4. nóvember, svo yrði stofnhátíð Soroptimistaklúbbs Við Húnaflóa daginn eftir?

Ég vona að þið sjáið ykkur allar fært að svara, sem fyrst. Stjórnarfundur verður haldinn á laugardaginn og gott væri að vita hug ykkar þá, áður en ákvörðun verður tekin vegna þessara óvenjulegu aðstæðna.

Með fyrirfram þakklæti fyrir skjót svör - og kærum systrakveðjum,

Ykkar, Ingunn Ásdís  
*Ingunn Ásdís Sigurðardóttir*  
Forseti SI/Í 2010 - 2012